

Ed.

152. Frumvarp til laga

[90. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja prestssetursjörðina Vatnsleysu í Viðvíkursveit, er prestssetur verður flutt þaðan.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hólmjárn Józefssyni Hólmjárn prestssetursjörðina Vatnsleysu í Viðvíkursveit, er prestssetur verður flutt þaðan, fyrir það verð og með þeim greiðsluskilmálum, er um semur, enda verði jörðin jafnframt gerð að ættaróðali.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Með bréfi, dags. 8. ágúst s. l., tilkynnti kirkjumálaráðuneytið biskupi, að það mundi hlutast til um að prestssetur að Vatnsleysu verði lagt niður og flutt að Hólum, svo fljótt sem við verður komið. Nú hefur Hólmjárn Józefsson Hólmjárn farið þess á leit, að honum verði seld þessi ættarjörð hans, er prestssetur verður flutt þaðan. Hreppsnefnd Viðvíkurhrepps hefur afsalað honum til handa forkaupsrétti sínum að jörðinni með því skilyrði, að hann gerði jörðina jafnframt að ættaróðali sínu samkvæmt gildandi lögum, og hefur það skilyrði verið sett fyrir söluheimildinni.